



Alþingi
Erindi nr. P 135/2948
komudagur 23.5.2008

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi umhverfisnefnd
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 23. maí 2008

0802089SA PS/gk
Tilv.: 180

Efni: Tillaga bókun um frumvarp til skipulagslaga og laga um mannvirki

Á fundi stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga 23. maí 2008 var lagt fram minnisblað lögfræðisviðs sambandsins um fund í umhverfisráðuneytinu 20. maí sl. ásamt minnisblaði um landsskipulag sem Ásdís Hlökk Theódórsdóttir hefur samið að beiðni sambandsins. Í minnisblöðunum eru raktar helstu mögulegar breytingar á frumvörpum til skipulagslaga og laga um mannvirki. Jafnframt gerðu formaður stjórnar og sviðsstjóri lögfræðisviðs grein fyrir samskiptum við Alþingi og ráðuneytið um frumvörpin í framhaldi af áður nefndum fundi.

Eftirfarandi samþykkt var gerð samhljóða á stjórnarfundinum:

„Það er álit stjórnar sambandsins að jafnvel með þeim breytingum á III. kafla frumvarps til skipulagslaga sem lagðar eru til í minnisblaði Ásdísar Hlökkar Theódórsdóttur muni landsskipulagsstefna fela í sér of mikið inngrip í skipulagsvald sveitarfélaga. Með hliðsjón af ályktun XXII. landsþings sambandsins sem haldið var þann 4. apríl sl. og í ljósi umræðna á fundinum um inntak og möguleg áhrif landsskipulags getur stjórnin ekki fellt sig við að frumvarp til skipulagslaga verði að lögum nema III. kafli þess falli brott.

Stjórnin leggur áherslu á að sveitarstjórnir ráði sjálfar hvort byggingarnefndir starfi í þeirra sveitarfélagi og að dregið verði sem mest úr þeirri miðstýringu sem enn er áberandi í frumvarpi til laga um mannvirki, þrátt fyrir þær breytingar sem líklega verða gerðar á frumvarpinu. Sérstaklega gagnrýnir stjórnin að í frumvarpi til laga um mannvirki er áfram gert ráð fyrir að Byggingarstofnun gefi út byggingarleyfi fyrir virkjunum, þrátt fyrir að útgáfa byggingarleyfa sé almennt verkefni sveitarfélaga.

Stjórnin telur margar þeirra breytinga á frumvörpunum sem lýst er í minnisblaði lögfræðisviðs geta orðið til verulegra bóta. Stjórnin leggur þó áherslu á að nægur tími verði veittur til að ræða þær fjölmörgu athugasemdir sem fram koma í umsögnum sambandsins og einstakra sveitarfélaga um frumvarpið.

Hér er um að ræða löggjöf sem sveitarfélögin þurfa að vinna eftir og því afar mikilvægt að breytingar verði gerðar að yfirveguðu ráði. Einnig lýsir stjórnin yfir áhyggjum vegna sívaxandi kostnaðar í skipulags- og byggingarmálum og telur einsýnt að hin nýja löggjöf muni enn auka á þann kostnað þótt gjaldtökuheimildir sveitarfélaga verði nokkuð rýmri en áður. Stjórnin skorar á Alþingi að leita m.a. leiða til að stytta skipulagsferlið eins og unnt er, án þess þó að dregið verði úr samráði við almenning.“

Virðingarfyllt
SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



Þórður Skúlason
framkvæmdastjóri

Samrit: Þórunn Sveinbjarnardóttir umhverfisráðherra.